



VILJAYFIRLÝSING- DRÖG

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, annars vegar og Lionsklúbbur Kópavogs, kt. 670476-0659, hinsvegar, gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um samstarf vegna endurbóta á véla – og verkfærageymslu, í daglegu tali nefnd „Hlaðan“, á lóðinni nr. 14 við Kópavogstún.

1. Markmið.

Markmið yfirlýsingar þessarar er að kveða á um samstarf aðila um endurbætur og viðhald á 221, 9 fermetra véla- og verkfærahúsnæði að Kópavogstúni 14 í Kópavogi, sem í daglegu tali er nefnd Hlaðan (hér eftir nefnt „Hlaðan“).

2. Umfang verkefnis.

Um er að ræða nauðsynlegar endurbætur og viðhald á Hlöðunni, bæði að innan og utan. Í meginatriðum er um að ræða allt minniháttar viðhald innanhúss, s.s. endurnýjun innréttinga, viðhald á lagnabúnaði og léttra innveggja. Einnig er um að ræða viðhaldsframkvæmdir að utan, s.s. endurnýjun þakklæðningar, þakkanta, veggklæðninga og glugga. Endanlegt umfang framkvæmda hefur ekki verið fullmótað við undirritun yfirlýsingar þessarar og skal það nánar skilgreint síðar í samráði aðila og e.a. samkvæmt úttekt óháðra aðila, s.s. húsasmíðameistara eða annara viðurkenndra sérfræðinga á sviði byggingartækni.

3. Ábyrgð og hlutverk Klúbbsins.

Lionsklúbburinn skuldbindur sig til að:

- Annast allar framkvæmdir við viðhald og endurbætur á Hlöðunni.
- Bera allan kostnað af framkvæmdunum, þ.m.t. efni, vinnu og annan tilfallandi kostnað.
- Sækja um nauðsynleg leyfi, þar á meðal byggingarleyfi ef við á, s.s. komi til breytinga á burðarvirki eða útlitsbreytingar, skrá byggingarstjóra og viðeigandi iðnmeistara í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.
- Tryggja að allar framkvæmdir séu unnar í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og viðurkennda verkstaðla.
- Leita skal álits Minjastofnunar ef við á.

4. Ábyrgð og hlutverk Kópavogsbæjar.

Kópavogsbær skuldbindur sig til að:

- Veita nauðsynlega samvinnu og ráðgjöf eftir því sem við á.
- Annast útgáfu yfirferð gagna vegna leyfiskyldra framkvæmda og gefa út byggingarleyfi sé þess þörf og annast úttektir.
- Taka þátt í ákvörðun um umfang og tímasetningar framkvæmda.

5. Tímamörk framkvæmda.

Tímamörk framkvæmda skulu ákveðin síðar í samráði milli aðila og staðfest með skriflegum hætti, eftir að umfang verkefnis hefur verið skilgreint nánar.



6. Eignarhald og afnot.

Allar endurbætur sem gerðar verða á Hlöðunni verða eign Kópavogsbæjar, nema sérstaklega sé samið um annað.

Nánari skilmálar um afnot Hlöðunnar skulu ákveðnir sérstaklega gerist þess þörf.

7. Ábyrgð og tryggingar.

Lionslúbburinn ber ábyrgð á framkvæmdum á verktíma og skal e.a. tryggja að viðeigandi tryggingar séu í gildi vegna verksins, þar með talið ábyrgðartrygging byggingarstjóra.

8. Gildistími og uppsögn.

Viljayfirlýsing þessi tekur gildi við undirritun hennar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Kópavogs.

9.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun eða uppsögn samnings með hæfilegum fyrirvara, enda séu málefni verkefnisins þá tekin til sérstakrar skoðunar og lausn fundin í sameiningu.

10. Ágreiningur.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun yfirlýsingar þessa skulu aðilar leitast við að leysa hann með samkomulagi. Takist það ekki skal aðilum heimilt að bera úrlausnarefnið undir Héraðsdóm Reykjaness.

11. Undirritun.

12. Yfirlýsing þessi er gerð í tveimur samhljóða eintökum, eitt fyrir hvorn aðila.

Kópavogi dags. 2026.

F.h Kópavogsbæjar

F.h. Lionsklúbbs Kópavogsbæjar

Vottar að rétttri undirskrift og dags:

----- kt: -----

----- kt. -----